


# Leiðbeiningar um verkefni

---



## 1. NEMENDUR KYNNA VERKEFNI SÍN

Þeir nemendur sem áhuga hafa mega sýna bekkjarfélögunum verkefni sín. Síðan skal koma verkefnunum fyrir í stofunni, uppi á vegg eða annars staðar eftir atvikum, og má gera það meðan nemendurnir vinna að klippimyndinni.

## 2. KLIPPIMYND

Fáðu nemendur þína til að búa til klippimyndir sem lýsa viðbrögðum og hugrenningum þeirra nú við lok námskeiðsins. Nemendurnir eiga að koma sér fyrir, tveir eða þrír saman. Láttu þá hafa bunka af tímaritum og dagblöðum sem safnað hefur verið saman fyrir um veturinn með hjálp nemenda og foreldra. Biddu nemendurna að klippa út myndir, orð og fyrirsagnir og setja saman á þann hátt sem lýsir best hugsunum þeirra og skoðunum varðandi áhrif reykinga. Það skiptir máli að nemendurnir fletti blöðunum, klippi út og lími eins og andinn blæs þeim í brjóst, þ.e.a.s. án mikillar umhugsunar. Eftir á geta þeir síðan vinsað úr og tekið fyrir það efni sem þá langar helst til að fjalla um.

### Tillögur að efni:

Óbeinar auglýsingar  
Að lifa góðu lífi  
Að reykja ekki /reykja  
Þeir sem hvetja til reykinga  
Skammtímaáhrif reykinga  
Frelsi

Ef til vill má hengja klippimyndirnar, ásamt heimaverkefnum, veggspjöldum og öðru frá því fyrir á námskeiðinu, upp á vegg skólans svo allt þetta geti verið nemendum stöðug áminning það sem eftir lifir vetrar um að vera reyklaus og FRJÁLS!

# Leiðbeiningar um verkefni

---

## **4. YFIRLIT YFIR ÁRANGUR NÁMSKEIÐSINS**

*Spyrðu:*

- Hvað höfum við lært á þessu námskeiði?
- Hvað er ykkur minnisstæðast eftir námskeiðið?
- Hvað þótti ykkur best? Hvað var gagnlegast?
- Var eitthvað í námsefninu sem ykkur þótti þjóna litlum tilgangi og hefði eins vel mátt sleppa?
- Hefðum við átt að staldra lengur við eitthvert atriði? Ef svo er, hvaða atriði?

Ef ekki gefst nægur tími til að fjalla um þetta má gera það síðar, t.d. í venjulegum tíma hjá bekknum.

## **3. VELDU FRELSI - REYKLEYSI**

Ljósritaðu og dreifðu til nemenda dreifiblaði 7b.